

268. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 6. nóvember 2014, og hófst hann kl. 16:00 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar

Mættir:

Kristín Björg Árnadóttir
Kristjana Hermannsdóttir
Björn Haraldur Hilmarsson
Rögnvaldur Ólafsson
Baldvin Leifur Ívarsson
Fríða Sveinsdóttir
Kristján Þórðarson
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og bauð fundarmenn og gesti velkomna. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1. Fundargerð 258. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 15. október 2014.**
Til máls tóku KP og KJ undir 9. lið.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 2. Fundargerð 85. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 17. október 2014.**
Til máls tóku BLÍ, KH, KBÁ, FS, KJ, RÓ undir 1. lið. Bæjarstjórn samþykkti að vísa þessu erindi til vinnu aðalskipulags og verður ákvörðun tekin um þetta mál í því ferli. Við lið 2 tóku til máls RÓ, BHH, KH, KBÁ, KP, BLÍ, FS, KJ. Bæjarstjórn tók jákvætt í erindið, en samþykkti samhljóða að óska eftir nánari útlistun og teikningum af fyrirhuguðum framkvæmdum áður en endanleg ákvörðun verður tekin. Fundargerðin samþykkt samhljóða með framkomnum athugasemdum.
- 3. Fundargerð rekstrarnefndar Klifs, dags. 3. nóvember 2014.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 4. Fundargerðir 69. og 70. fundar íþróttá- og æskulýðsnefndar, dags. 1. september og 10. október 2014.**
Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.
- 5. Fundargerð 39. fundar stjórnar Jaðars, dags. 30. september 2014.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 6. Fundargerðir 175. og 176. fundar fræðslunefndar, dags. 29. september og 22. október 2014.**
Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.
- 7. Fundargerð 120. fundar menningarnefndar, dags. 20. október 2014.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 8. Fundargerð 1. fundar velferðarnefndar, dags. 15. október 2014.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 9. Fundargerð 113. fundar hafnarstjórnar, dags. 28. ágúst 2014.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 10. Fundargerð atvinnuveganefndar, dags. 22. október 2014.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

11. **Fundargerð hluthafafundar Jeratúns, dags. 29. ágúst 2014.**
Lagt fram til kynningar.
12. **Fundargerð 46. stjórnarfundar Jeratúns, dags. 29. ágúst 2014.**
Lagt fram til kynningar.
13. **Fundargerð 369. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 31. október 2014.**
Lagt fram til kynningar.
14. **Fundargerðir 819. og 820. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 24. september og 8. október 2014.**
Lagt fram til kynningar.
15. **Fundargerð aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 10. október 2014.**
Lagt fram til kynningar.
16. **Bréf frá félagi eldri borgara, dags. 16. október 2014, varðandi ósk um niðurfellingu á húsaleigu í Klifi þann 7. desember n.k. vegna jólabasars.**
Bæjarstjórn samþykkti erindið samhljóða, enda fellur það undir reglur Snæfellsbæjar um niðurfellingu á leigu félagsheimilanna.
17. **Bréf frá íþrótt- og æskulýðsfulltrúa, dags. 9. október 2014, varðandi tilnefningu í þjóðhátíðarnefnd.**
Bæjarstjórn samþykkti að fresta tilnefningu til næsta fundar.
18. **Bréf frá íþrótt- og æskulýðsfulltrúa, dags. 9. október 2014, varðandi tilnefningu í ungmennaráð.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fá íþrótt- og æskulýðsfulltrúa til að auglýsa eftir áhugasömum einstaklingum í ungmennaráð.
19. **Bréf frá bæjarritara, dags. 23. október 2014, varðandi ósk um aukafjárveitingu vegna leikskólaúrræðis á Lýsuhóli.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að veita aukafjárveitingu að upphæð 800.000.- vegna leikskólasels á Lýsuhóli. Aukafjárveitingin verður færð á launaliði innan deildar 04-13 og jafnframt verður liðurinn ófyrirséð, 27-11-9990, lækkaður um sömu upphæð.
20. **Bréf frá umhverfis- og skipulagsnefnd, dags. 20. október 2014, varðandi Vikurport, Arnarstapa. Nánari gögn lögð fram á fundinum.**
Vísað er í afgreiðslu 1. liðs, fundargerðar umhverfis- og skipulagsnefndar.
21. **Bréf frá Skógræktarfélagi Íslands, dags. 6. október 2014, varðandi ályktun aðalfundar félagsins, dags. 15.-17. ágúst 2014.**
Lagt fram til kynningar.
22. **Bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, dags. 20. október 2014, varðandi umsókn um byggðakvóta fiskveiðiársins 2014/2015.**
Til máls tók Kj
Lagt fram til kynningar.
23. **Bréf frá Brunabót, dags. 24. október 2014, varðandi ágóðahlutagreiðslu 2014.**
Lagt fram til kynningar.
24. **Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga, ódags., varðandi breytilega útlánavexti.**
Lagt fram til kynningar.

25. **Fundarboð aðalfundar Þróunarfélags Snæfellinga ehf., dags. 14. nóvember 2014.**
Lagt fram til kynningar.
26. **Bréf frá Námsmatsstofnun, dags. 10. október 2014, varðandi framkvæmd ytra mats í leik- og grunnskólum.**
Lagt fram til kynningar.
27. **Bréf frá SSV, dags. 4. nóvember 2014, varðandi námskeið fyrir sveitarstjórnarfulltrúa.**
Lagt fram til kynningar.
28. **Tillaga frá D-listanum, dags. 4. nóvember 2014, varðandi leikskólamál.**
Eftirfarandi tillaga var lögð fram:
Við undirrituð fulltrúar D-listans í bæjarstjórn gerum það að tillögu okkar að einungis verði farið í þá formbreytingu á starfsemi leikskólanna að þessu sinni að öllum núverandi starfsmönnum leikskólanna Krílakots og Kríubóls verði boðin sömu störf hjá sameinuðum Leikskóla Snæfellsbæjar. Aðrar breytingar verði ekki gerðar að svo stöddu.
- Farið verður í þessa vinnu strax og stefnt að því að henni verði lokið um næstu áramót.
- Snæfellsbæ. 4. nóvember 2014
- Kristín Björg Árnadóttir
Kristjana Hermannsdóttir
Björn H Hilmarsson
Rögnvaldur Ólafsson.
- Til máls tóku BLÍ, KP, KJ, KBÁ, FS, RÓ
Bæjarstjórn samþykkti með 6 atkvæðum að fresta afgreiðslu tillögunnar þar til oddvitar flokkana og bæjarstjóri hafa fundað með stjórnendum leikskólanna, skv. samþykkt síðasta bæjarstjórnarfundar. Kristjana sat hjá.
29. **Tillaga frá J-listanum, dags. 4. nóvember 2014, varðandi Átthagastofu.**
Eftirfarandi tillaga var lögð fram:
J – listinn óskar eftir því að það verði gerður samningur um þau verkefni sem Átthagastofa á að sjá um fyrir Snæfellsbæ. Tilgreina þarf þau verkefni og kostnað við þau. Þessi samningur verði síðan lagður fyrir bæjarstjórn til samþykktar.
- Baldvin Leifur Ívarsson
Friða Sveinsdóttir
Kristján Þórðarson
- Til máls tók BLÍ, KBÁ
Bæjarstjórn samþykkti tillöguna samhljóða.
30. **Gjaldskrár Snæfellsbæjar fyrir árið 2015.**
Samþykkt að vísa gjaldskránum til vinnufundar bæjarstjórnar 12. nóvember.
31. **Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar, A-hluta og B-hluta, fyrir árið 2015. Fyrri umræða.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að vísa fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar til vinnufunda bæjarstjórnar 12. nóvember og 20. nóvember, og svo seinni umræðu í bæjarstjórn þann 4. desember.
32. **Minnispunktur bæjarstjóra.**
- Bæjarstjóri fór yfir rekstraryfirlit stofnana Snæfellsbæjar fyrir janúar – september.
 - Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðsluyfirlit janúar – október
 - Bæjarstjóri sagði frá vatnsverksmiðjumálum.

- d) Bæjarstjóri sagði frá málefnum líkamsræktarstöðvar. Í húsnaðinu yfir sundlauginni þarf að fara í ákveðnar framkvæmdir til að það sé nýtilegt undir þessa starfsemi. Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að gefa bæjarstjóra heimild til að fara í þær framkvæmdir sem þarf og ræða við þá sem hafa sótt um.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:45

Kristín Björg Árnadóttir

Kristjana Hermannsdóttir

Baldvin Leifur Ívarsson

Björn Haraldur Hilmarsson

Fríða Sveinsdóttir

Rögnvaldur Ólafsson

Kristján Þórðarson

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Lilja Ólafardóttir, bæjarritar